

Jónas  
Ásgeir  
Ásgeirsson

Curriculum vitae



## Ferliskrá

Jónas Á. Ásgeirsson er klassískur harmóníkuleikari búsettur í Kaupmannahöfn. Hann lauk meistaranámi sem og post-graduate námi við Konunglega danska tónlistarháskólann undir leiðsögn **Geirs Draugsvoll**, einum virtasta harmóníkukennara-og einleikara í Evrópu. Jónas hefur unnið til verðlauna sem einleikari og samspilsleikari. Helst má nefna tvinn verðlaun á **Íslensku tónlistarverðlaununum 2023** í flokki sígildrar-og samtímatónlistar fyrir 'Flytjandi ársins' og 'Plötu ársins'. Einnig hlaut Jónas ein af sigurverðlaununum í einleikarakeppninni **Ungir einleikarar** á vegum **Listaháskóla Íslands** og **Sinfóníuhljómsveitar Íslands**, en sem verðlaun flutti hann fyrstur Íslendinga harmóníkukonsert með hljómsveitinni. Jónas kom síðar meir fram sem einleikari með hljómsveitinni á *Myrkum músíkdögum 2024* og er einn fárra einleikara sem leikið hafa tvenna konserta á sömu tónleikum hljómsveitarinnar. Hann hefur einnig komið fram sem einleikari ásamt *kammersveitinni Elju* og **BIT20 ensemble** og framundan er flutningur á nýjum harmóníkukonsert **Báru Gísladóttur** ásamt **Árhus Sinfonietta**.

Jónas einblínir mikið á að efla ímynd harmóníkunnar sem klassískt hljóðfæri á Íslandi og kynna möguleika og fjölbreytileika hljóðfærisins. Þetta langtíma ferli telur hann innifela meðal annars að flytja tónleika með mismunandi efnisskrám á Íslandi og vinna náið með íslenskum tónskáldum og öðrum tónlistarmönnum. Nú þegar hefur Jónas frumflutt verk eftir **Finn Karlsson** og **Friðrik Margrétar-Guðmundsson** sem og flutt konsert **Puríðar Jónsdóttur** með **Elju kammersveit** og krefjandi einleiksverk **Atla Ingólfssonar**. Jónas gaf út plötu með alíslenskri tónlist samda fyrir klassíska harmóníku með **Ragnheiði Jónsdóttur** upptökustjóra og **Dacapo Records**. Á plötunni er m.a. konsert Finns Karlssonar sem hlaut viðurkenninguna tónverk ársins á **Íslensku tónlistarverðlaununum 2021**. Einnig eru enduruppgötvuð verk frá merkjum tónskáldum eins og **Porkatli Sigurbjörnssyni** og **Atla Heimi Sveinssyni** sem höfðu aldrei verið hljóðrituð áður. Fikta var valin plata ársins í flokknum sígild-og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum 2023.

Jónas er stofnmeðlimur tónlistarhópa sem hafa haslað sér völl á Íslandi sem og erlendis. Íslenska harmóníkutríoíð **Ítrío** sem hefur spilað víða og unnið til verðlauna, t.d. fyrstu verðlaun í kammerkeppni Konunglega danska tónlistarháskólans. **EKKI MINNA Duo**, ásamt sellistanum **Andrew Power**, kom fram á *Myrkum músíkdögum* við afar jákvæðar móttökur og **KIMI ensemble** með **Þórgunni Önnu Örnólfsdóttur** (söngur) og **Katerina Anagnostidou** (slagverk), sem hefur nýverið haldið tvenna tónleika á **Sumartónleikum í Skálholti** og frumflutt verk staðartónskáldanna, sem þá voru **Þórunna Björnsdóttir** og **Gunnar Karel Másson**.



[jonasasgeirsson.com](http://jonasasgeirsson.com)



[/jonas.asgeirsson](https://www.facebook.com/jonas.asgeirsson)



[@asgeirssonjonas](https://www.instagram.com/asgeirssonjonas)

# Námsferill

## 2022

- Hlýtur Postgraduate gráðu frá konunglega danska tónlistarháskólanum

## 2020

- Hlýtur meistaragráðu frá konunglega danska tónlistarháskólanum með hæstu einkunn

## 2017

- Hlýtur bakkalárgráðu frá konunglega danska tónlistarháskólanum með hæstu einkunn

## 2014

- Hefur bakkalárnám við konunglega danska tónlistarháskólann

## 2013

- Lýkur framhaldsstigsprófi frá Tónskóla Eddu Borg með ágæisteinkunn

# Keppnir og verðlaun

## 2023

- Hlaut *Íslensku tónlistarverðlaunin* í floknum sígild-og samtímatónlist fyrir '*Flytjandi ársins*' og '*Plata ársins*'

## 2018

- Hlaut 6. sæti í *Arrasate Hiria* keppninni, stærstu nútímatónlistarkeppni heims fyrir harmóníku

## 2017

- Hlaut fyrstu verðlaun í kammerkeppni Konunglega danska tónlistarháskólans (ásamt öðrum meðlimum ítrío)
- Ítrío var eitt af ellefu kammerhópum kosin til að taka þátt í kammerkeppni danska ríkisútvarpsins

## 2016

- Var einn af fjórum sigurvegurum *Ungir einleikarar á vegum Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands* og sem verðlaun spilaði hann einleikskonsert með Sí

## 2015

- Hlaut 2. verðlaun í kammerkeppni PIF-Castelfidardo (ásamt öðrum meðlimum ítrío)

## 2012

- Hlaut sigurveðlaun í *Nótunni*, uppskeruhátíð tónlistarskólanna ásamt öðrum meðlimum *Harmóníkukvintettsins í Reykjavík*



[jonasasgeirsson.com](http://jonasasgeirsson.com)



[/jonas.asgeirsson](https://www.facebook.com/jonas.asgeirsson)



[@asgeirssonjonas](https://www.instagram.com/asgeirssonjonas)

# Önnur störf

## 2022 -

Nefndarmeðlimur Íslandsdeildar Ung Nordisk Musik. og var hluti af hátíðarteyminu þegar hátíðin var haldin í Reykjavík 2022.. Þar var hann m.a. yfir skipulagningu viðburða með tónlistarhópum og aðaltengiliður við flytjendur. Einnig skipulagði hann tónleika kammersveitarinnar Elju í Iðnó.

## 2018 -

Harmóníku-og forskólakennari hjá *Byens Musikskole* í Kaupmannahöfn  
<https://byensmusikskole.dk/>

## 2016-2022

Kirkjusöngvari í *Tingbjerg Kirke*, Kaupmannahöfn

## 2013-2014

Harmóníkukennari hjá *Tónskólanum DoReMi* í Reykjavík

# Valdir frumflutningar

**Hljómskrokkar** (2023), **Sóley Sigurjónsdóttir**

**Pneuma** (2023), **Hugi Guðmundsson**

**Prisma** (2022), **Friðrik Margrétar-Guðmundsson** [ítrío]

**Monstro City** (2022), **Hafdís Bjarnadóttir** [ítrío]

**MEDEA VERSES** (2022), **Hugi Guðmundsson**

**Reaction** (útsett 2021), **Haukur Tómasson** [EKKI MINNA Duo]

**Accordion Concerto** (2020), **Finnur Karlsson**

**B(e)part** (2020, **EKKI MINNA Duo** & **Áslaug Magnúsdóttir**

**Bittersweet** (2019), **Nick Martin**

**VINÁTTA. SÓLIN.** (2020), **Þórunna Dögg Björnsdóttir** [KIMI]

**νόστος και άλγος και νόστος** (2020), **Gunnar Karel Másson** [KIMI]

**Fikta** (2018), **Friðrik Margrétar-Guðmundsson**



[jonasasgeirsson.com](http://jonasasgeirsson.com)



[/jonas.asgeirsson](https://www.facebook.com/jonas.asgeirsson)



[@asgeirssonjonas](https://www.instagram.com/asgeirssonjonas)

# Hlekkir

Heimasíða

<https://jonasasgeirsson.com>

Tónlistarmyndband við verkið *Radioflakes* eftir *Atla Ingólfsson* í leikstjórn *Stephan Stephensen*

<https://youtu.be/TTkehBM3i4g>

Platan *Fikta* sem Jónas gaf út hjá *Dacapo Records* 2022

<https://www.dacapo-records.dk/en/recordings/karlsson-fikta>

Upptaka af flutning á harmóníkukonsert *Puríðar Jónsdóttur Installation around a heart* með kammersveitinni *Elju*

<https://vimeo.com/311985593>

Upptaka af *Fikta*, einleiksverki sem samið var fyrir Jónas af *Friðriki Margrétar-Guðmundssyni*

<https://youtu.be/503tJXtTmFg>

Heimasíða tónlistarhópsins *KIMI*

<https://www.kimi-ensemble.com/>

Heimasíða *EKKI MINNA Duo*

<https://www.ekkiminnaduo.com/>



[jonasasgeirsson.com](https://jonasasgeirsson.com)



[/jonas.asgeirsson](https://facebook.com/jonas.asgeirsson)



[@asgeirssonjonas](https://instagram.com/asgeirssonjonas)

# Umsagnir

Það er ekki einungis loft sem Jónas Ásgeir Ásgeirsson artikúlerar með harmonikku sinni – land, náttúra og saga eru líka sett á flug. Í jökulþungum hreyfingum og léttum og barnslegum hljóðum fugla upplifir maður ekki einungis hljóðblíðu og frásagnargáfu. Maður skynjar einnig leit að sjálfsmynd. Leit með frjálsri för milli róta og nýsköpunar, hins alvarlega og leikandi, hins þunga og léttu... og auðvitað Íslands. Kjarni plötunnar er einmitt þessi leit sem felst í plötuheitinu, sem vísar bæði til miðaldatónlistarhugtaksins *musica ficta* og íslenska orðsins »fíkta«.

Að þessu sögðu er Fíkta ekki hin dæmigerða einleiksútgáfa þar sem einstaklingur og hljóðfæri eru sýndir, og platan setur sig á krossgötum milli sögu, fagurfræði og sjálfsmyndar á þann hátt sem sjaldnast sést í klassískum útgáfum. Það er eitthvað í húfi þegar Ásgeirsson lýsir uppruna sínum og sem hlustandi skilur maður bæði hversu flókin og einlæg spurningin er.

Tímaritið Seismograf

<https://seismograf.org/kortkritik/leg-med-luft>

Stærsti hápunktur kvöldsins var Jónas Ásgeir Ásgeirsson harmóníku-einleikari. Í einleiksverki Atla Ingólfssonar 'Radioflakes' fór hann margoft yfir mörk þess sem ég taldi mögulegt frá harmóníku. Verkið er innblásið af því að skipta hratt á milli útvarpsstöðva og tónskáld og flytjandi fönguðu andrúmsloftið og hljóðheiminn jafnfætis af frumleika og nákvæmni. Og jafnvel eftir þrjá tíma af nútímatónlist setti ég persónulegt gæsa húðarmet við áheyrn á „Installation Around a Heart“ eftir Þuríði Jónsdóttur fyrir harmóníku og símfóníettu [...] Aftur dró tónskáldið og einleikarinn fram ólýsanlega ríkulegt hljóðróf frá harmóníkunni. Þegar hljóðfæraleikararnir spiluðu á öll þessi litlu og stóru hljóð - allt frá andardrætti og andvörpum til skjálfta og sprenginga - skapaði það flæði sem var einkar áhrifamikið. Auk þess að hafa kynnst mörgum nýjum flytjendum og tónskáldum sat ég eftir með þá tilfinningu að hafa kynnst hljóðfærinu [harmóníkunni] á hærra plani.

Bergens Tidende

<https://www.dropbox.com/s/c0x1t88bzrjh08w/gagnr%C3%BDni.jpg?dl=0>

Jónas Ásgeir hefur konsertinn algjörlega í höndunum á sér, samgróinn verkinu, og sýnir virtúósa-tilprif sem færa flutninginn á astral-svið.

Hjálmar H. Ragnarsson (um Accordion Concerto eftir Finn Karlsson)

<https://www.facebook.com/photo/?fbid=821745935581539&set=a.111265739962899>

Það er ekki laust við að Jónas Ásgeir hafi rétt svo stolið senunni með sjaldséð konserthljóðfæri í kjöltunni en um leið kynnt fyrir nokkrum vel verseruðum áskriftargestum sjaldheyrt en áhugavert tónverk með snilldarlegu handbragði. Fimmtán manna strengjasveit mætti einleikshljóðfærinu sem myndaði framandi en ómótstæðilega fagan þverskurð af hljómi harmonium og strokhljóðfæra því í raun vó harmonikkan upp hálfu bláasarasveit. [...] Jónas Ásgeir lék beinskeytta sveipi verksins listilega vel af ástriðu og skapi. [...] Verkefnavaðsnefnd Sinfóníunnar mætti nú teika nýjabrumið og líta í kringum sig eftir einleiksverkum fyrir harmonikku.

Ingvar Bates

<https://www.dropbox.com/s/c0x1t88bzrjh08w/gagnr%C3%BDni.jpg?dl=0>



[jonasasgeirsson.com](http://jonasasgeirsson.com)



[/jonas.asgeirsson](https://www.facebook.com/jonas.asgeirsson)



[@asgeirssonjonas](https://www.instagram.com/asgeirssonjonas)